

Sp. 407. Tillaga til þingsályktunar [160. mál]

um heimild til að endurgreiða leyfisgjald af læknaþifreiðum.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Kjartan J. Jóhannsson, Brynjólfur Bjarnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að endurgreiða leyfisgjald skv. b-lið 5. gr. laga nr. 112 1950 af þifreiðum þeim, sem innflutningsskrifstofan lýsir yfir að fluttar séu inn fyrir lækna til notkunar við starf þeirra, á meðan neytt er heimildar til að fella gjaldið niður af fólksþifreiðum til atvinnuþifreiðastjóra.

Greinargerð.

Það virðist í alla staði eðlilegt, að starfandi lækna njóti ekki lakari kjara en atvinnuþifreiðastjórar um innflutning þifreiða, sem þeim eru nauðsynlegar í lækni-
starfi sínu.

Hefur félagsskapur lækna mjög leitað eftir því að fá framgengt þessu sann-
girnissatriði, og má geta þess, að nokkrir erfiðleikar hafa af því hlotizt í samningum
sjúkrasamlaga við lækna, að ekki hefur verið hægt að sinna þessum tilmælum.
Hefur vantað heimild til þessa, og er þáttill. þessari ætlað að bæta úr því.